



Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 13. nóvember 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (eftirlit með barnaníðingum) (Þingskjal 87 — 87. mál, 150. löggjþ.)

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri



**Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (eftirlit með barnaníðingum)**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir tækifærið sem þeim er veitt til að gera umsögn um ofangreint frumvarp.

Barnaheill vinna að vernd barna gegn ofbeldi og að því að breiða út þekkingu um mannréttindi barna. Samtökin taka undir að mikilvægt er að vernda börn gegn því að umgangast fólk sem dæmt hefur verið fyrir eða verið uppvíst að kynferðisbrotum gegn börnum, í það minnsta að mikilvægt er að tryggja öryggi barna í nálægð við þá sem brotið hafa af sér á þann veg og ef hættu er talin af þeim stafa. Þeir sem hafa gerst brotlegir gagnvart börnum ættu ekki að mati samtakanna að hafa aðgang að störfum þar sem unnið er með eða fyrir börn.

Þó er, að mati Barnaheilla, óheppilegt að notast við orðið barnaníðingur, eins og fram kemur í heiti frumvarpsins, til að einkenna þá sem hafa gerst sekir um kynferðisbrot gegn börnum eða þá sem eru haldnir barnagirnd. Með notkun þess orðs er að mati samtakanna ýtt undir þá tilhneigingu að skrímslavæða brotafólk eða þá sem eru líklegir til að brjóta af sér. Það ýtir undir fordóma og ótta og er ekki valdeflandi fyrir þá sem þurfa styrkinn til að standa gegn þeim sem hafa brotið af sér og heldur ekki fyrir þá sem hafa gerst brotlegir, sem þurfa að læra nýjar leiðir til að lifa lífinu. Ennfremur er það ekki hjálplegt fyrir þá sem hafa komist að því um sjálfa sig að þeir séu haldnir barnagirnd og vilja gera eitthvað í því til að koma í veg fyrir brot.

Hver þörfin er fyrir aukið eftirlit er nokkuð sem Barnaheill hafa ekki upplýsingar um en hvetja til þess að hlustað verði vel eftir röddum þeirra sem vinna í slíkum málum með beinum hætti, barnaverndarstarfsfólk, Fangelsismálastofnun og lögreglu.

Barnaheill leggja ríka áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir, forvarnir og fræðslu um kynferðisofbeldi. Því hvetja samtökin samfélagið allt til að þiggja fræðslu frá samtökunum sem boðið er upp á og gengur undir nafninu “Verndarar barna”. Samtökin telja þá fræðslu eiga erindi til allra fullorðinna, ekki síst þeirra sem taka ákvarðanir um börn eða vinna með eða fyrir börn.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja sérstaka áherslu á valdeflingu barna og vernd þeirra gegn ofbeldi.

**Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 90/2002 og almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (eftirlit með barnaníðingum), 87. mál.**

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndarsviðs Alþingis, dags. 24. október 2019, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 og almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (eftirlit með barnaníðingum). Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Barnaverndarstofa styður heils hugar að barnaverndarlögum og hegningarlögum sé breytt þannig að eftirlit með barnaníðingum sé aukið með það að markmiði að dregið sé úr líkum á að viðkomandi fremji sambærilegt brot að nýju. Telur stofan þær orðalagsbreytingar sem kveðið er á um 1. mgr. 36. gr. séu mikið til bóta enda gera þær Barnaverndarstofu enn frekar unnt að rækja það hlutverk sem kveðið er á um í ákvæðinu, þ.e.a.s. að gera barnaverndarnefnd viðvart þegar einstaklingar sem hætta stafar af flytja í umdæmi þeirra.

Í frumvarpinu kemur fram í 2. gr. að með nýju ákvæði, 36. gr. a., sé kveðið á um að Barnaverndarstofa og Fangelsismálayfirvöld skuli eiga samstarf um úrræði gagnvart einstaklingum á meðan afplánun og reynslulausn varir, bendi niðurstaða mats til þess að veruleg hætta sé talin stafa af viðkomandi og sé kveðið á um áframhaldandi öryggisráðstafanir auk refsingar í refsisdómi. Þá er kveðið á um það í 3. gr. frumvarpsins að séu verulegar líkur taldar á að sakborningur endurtaki hina refsiverðu háttsemi geti dómari ákveðið að heimilt sé að viðhafa tiltekna ráðstafanir eftir að afplánun refsisdóms lýkur. Er Barnaverndarstofu falið það hlutverk að stýra þeirri framkvæmd í samstarfi við Fangelsismálastofnun, lögreglu, heilbrigðisyfirvöld og félags- og barnaverndaryfirvöld þar sem viðkomandi býr.

Í greinargerð kemur fram að hvað þær öryggisráðstafanir varðar, sem kveðið er á um í frumvarpinu, sé gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um samstarf þeirra opinberu aðila sem koma að slíkum öryggisráðstöfunum, svo sem upplýsingagjöf milli aðila, hlutverk hvers stjórnvalds og verkaskiptingu, í fyrsta lagi á meðan afplánun stendur, í öðru lagi á meðan reynslulausn varir og í þriðja lagi eftir að henni lýkur. Jafnframt að fjallað verði um hvernig viðkomandi ráðstafanir verði framkvæmdar. Barnaverndarstofa leggur mikla áherslu á að framangreind reglugerð liggja fyrir samhliða gildistöku laganna enda eru hlutverk hvers stjórnvalds um margt óljós í frumvarpinu. Þá bendir Barnaverndarstofa jafnframt á að með frumvarpinu er stofunni falið umtalsvert hlutverk og því ljóst að liggja þurfa fyrir fjárveitingar vegna þessa nýja hlutverks stofunnar sem og sérhæfing starfsmanna sem verður falið framangreint hlutverk.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst f.h.

Barnaverndarstofu



Guðrún Þorleifsdóttir, lögfræðingur



Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. nóvember 2019  
1910233/0.4.1/lrs

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (eftirlit með barnaníðingum), 87. mál**

Með tölvupósti, dags. 24. október 2019, gaf velferðarnefnd Alþingis embætti landlæknis kost á að senda inn umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Embættið þakkar fyrir að fá tækifæri til að gefa álit sitt á framangreindu frumvarpi.

Embætti landlæknis styður þær hugmyndir sem fram koma í frumvarpinu, er lúta að auknu eftirliti með dæmdum kynferðisbrotamönnum í því skyni að tryggja öryggi barna og koma í veg fyrir að einstaklingur, sem gerst hefur sekur um slíkt brot, fremji aftur sams konar brot.

Í 2.-5. mgr. 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um öryggisráðstafanir eftir að afplánun einstaklings, sem sakfelldur hefur verið fyrir brot gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga, er lokið. Er m.a. lagt til í 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins að Fangelsismálastofnun veiti Barnaverndarstofu upplýsingar um lok afplánunar og reynslulausnar, skilyrði sem sett eru í refsidómi fyrir reynslulausn sem og fyrirhugaðan dvalarstað einstaklings að afplánun lokinni auk gagna sem til eru frá heilbrigðisstarfsmönnum um einstaklinginn.

Að því er varðar afhendingu Fangelsismálastofnunar á gögnum frá heilbrigðisstarfsmönnum bendir landlæknir á að ekki er tilgreint sérstaklega í frumvarpinu um hvers konar gögn sé að ræða. Þótt gera megi ráð fyrir því að hér sé verið að vísa til upplýsinga úr sjúkraskrá viðkomandi einstaklings (sjúkraskrárupplýsingar) telur landlæknir að þörf sé á nánari skýringum þar að lútandi svo ekki leiki vafi á hvaða gögn heilbrigðisstarfsmaður megi afhenda í þessu skyni. Þá þyrfti að skilgreina nánar umfang þeirra gagna sem heilbrigðisstarfsmönnum ber að afhenda og leggja þá skyldu á heilbrigðisstarfsmenn að ganga í skugga um að einungis þær upplýsingar, sem þýðingu kunna að hafa, verði afhentar. Landlæknir leggur til að kveðið verði nánar á um afhendingu slíkra gagna í reglugerð ráðherra samkvæmt 6. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

Dagrún Hálfánardóttir  
sviðsstjóri sviðs eftirlits og gæða

Lilja Rún Sigurðardóttir  
lögfræðingur



## FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Velferðarnefnd Alþingis

Austurströnd 5 170 Seltjarnarnesi  
sími: 520 5000 bréfasími: 520 5019  
fms@fangelsi.is www.fangelsi.is

14. nóvember 2019

1911131

Fangelsismálastofnun vísar til frumvarps til laga um breytingu á barnaverndarlögum og almennum hegningarlögum (eftirlit með barnaníðingum) þar sem kveðið er á um ýmsar leiðir til að haga eftirliti með þeim sem dæmdir hafa verið fyrir kynferðisbrot gegn börnum.

Margt er óljóst í frumvarpinu, þ.e. með hvaða hætti eigi að framkvæma s.k. áhættumat gagnvart þeim sem eru grunaðir eða dæmdir fyrir að hafa brotið gegn börnum, hvaða aðilar eigi að framkvæma matið, á hvaða tíma o.s.frv. Talað er um tiltekna menn sem barnaníðinga en óljóst er hvað í því felst, þ.e. hvort það hugtak eigi við um alla þá sem hafa verið dæmdir fyrir kynferðisbrot gegn börnum eða þá sem eru skilgreindir með barnagirnd en ekki eru allir sem hafa brotið gegn börnum með barnagirnd. Þá er talað um menn sem teljast *líklegir* til að brjóta af sér á ný en ekki er ljóst hvað átt sé við með því. Einnig er kveðið á um upplýsingar sem Fangelsismálastofnun skuli veita Barnaverndarstofu, þ.á.m. gögn sem til séu frá heilbrigðisstarfsmönnum án þess þau séu tiltekin nánar.

Í frumvarpinu segir að bendi niðurstöður mats samkvæmt lögum um meðferð sakamála til þess að veruleg hættu sé talin stafa af viðkomandi einstaklingi og í refsidómi sé kveðið á um áframhaldandi ráðstafanir í öryggisskyni eftir að afplánun ljúki skuli Barnaverndarstofa og Fangelsismálastofnun eiga samstarf um úrræði gagnvart þeim meðan á afplánun og reynslulausn varir. Svo virðist sem gert sé ráð fyrir að áhættumat sé gert áður en refsidómur er kveðinn upp en það er ómögulegt þar sem áhættumat byggir á því að brot hafi verið framið. Er hér mögulega verið að líkja áhættumati saman við geðmat eða annað sambærilegt mat sem unnt er að leggja fram við meðferð máls fyrir dómi. Auk þess telur Fangelsismálastofnun að í þessu sambandi sé ekki horft til þess að áhættuþættir eru margir hverjir breytilegir og því getur ýmislegt breyst frá því að dómur er kveðinn upp og þar til afplánun lýkur. Því er almennt talið að ekki skuli líða langur tíma frá gerð áhættumats þar til ákvarðanir eru

teknar. Markmið afplánunar er að draga úr áhættuþáttum og styrkja verndandi þætti og þannig draga úr ítrekun brota. Þannig geta fangar t.d. undirgengist sálfræðimeðferð meðan á afplánun stendur, þeir geta stundað nám, eflt samskipti við fjölskyldu, fengið vinnu að afplánun lokinni o.þ.h. en allt eru þetta breytilegir þættir sem geta haft áhrif á niðurstöðu áhættumats. Er því líklegt að niðurstaða áhættumats sem framkvæmt er strax eftir að dómur er kveðinn upp eða við upphaf afplánunar sé önnur en niðurstaða mats sem framkvæmt er við lok afplánunar eins og Fangelsismálastofnun gerir. Tilgangur áhættumats er að skoða hvaða áhættuþættir (static and dynamic/óbreytanlegir og breytanlegir áhættuþættir ) og verndandi þættir eru til staðar hjá einstaklingum til að veita þeim möguleika á breytingum en á öllum stigum afplánunar er boðið upp á þjónustu til að vinna með þessa þætti.

Í frumvarpinu er lagt til að unnt verði að veita Barnaverndarstofu upplýsingar um lok afplánunar og reynslulausn, þau skilyrði sem sett eru í refsidómi fyrir reynslulausn sem og fyrirhugaðan dvalarstað. Að mati Fangelsismálastofnunar er skráning einstaklinga ein og sér ekki talin ráðleg ef ekki á að fylgja meðferðarinngríp, sé slíkt talið nauðsynlegt. Slíkt gæti dregið úr möguleika manna á farsælli endurkomu út í samfélagið eftir að hafa unnið úr sínum áhættuþáttum og styrkt verndandi þætti. Tilfinningarök og ótti um að einstaklingur geti á einhverjum tímapunkti brotið af sér á ný þrátt fyrir að hafa sinnt meðferð og gert jákvæðar breytingar geta möguleika dregið úr líkum á að einstaklingur komist af skrá yfirvalda en með því gæti mögulega verið að ýta undir áhættuhegðun hans.

Markmið með frumvarpinu er að tryggja öryggi barna en rannsóknir hafa sýnt að hert eftirlit með einstaklingum sem brjóta kynferðislega gegn börnum hefur ekki skilað tilætluðum árangri (þ.e. að draga úr ítrekunartíðni). Þannig hafa lög sem sett hafa verið erlendis, s.s. Megan's Law í Bandaríkjunum og fela í sér aukið eftirlit og skráningu með einstaklingum sem hafa brotið kynferðislega gegn börnum ekki skilað tilætluðum árangri. Skráning kynferðisbrotamanna getur aftur á móti ýtt undir fordóma, stimplun og dregið úr möguleikum einstaklinga á að aðlagast farsælega aftur út í samfélagið. Að sama skapi getur ákveðið orðfæri haft skaðleg áhrif, s.s. að kalla tiltekinn hóp einstaklinga barnaníðinga, morðingja o.s.frv. en slíkt getur mögulega ýtt undir afbrotahæðun þeirra.

Fangelsismálastofnun leggst ekki gegn því að unnt verði að hafa eftirlit með mönnum eftir að afplánun og/eða reynslulausn lýkur en eftirlit eitt og sér er ekki til

Þess fallið að ná fram þeim markmiðum sem til er ætlast, þ.e. að draga úr ítrekunartíðni. Þannig er mikilvægt að viðeigandi meðferð og stuðningur fylgi eftirliti. Þá má eftirlitið ekki vera það mikið að menn eigi erfðara með að fóta sig í samfélaginu á ný en mjög stíft eftirlit með þeim sem niðurstaða áhættumats sýnir að þurfi ekki svo mikið eftirlit getur mögulega valdið skaða. Að mati Fangelsismálastofnunar er mikilvægt að skoða einnig önnur úrræði sem rannsóknir hafa sýnt að virki, þ.e. að leggja meiri áherslu á forvarnir og úrræði fyrir einstaklinga sem hafa hugsanir, langanir og hvatir til barna þannig að þeir geti leitað sér aðstoðar áður en þeir brjóta af sér.

e. u.







Alþingi  
Velferðarnefnd  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. nóvember 2019  
Tilvísun: 2019102033/VIS

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (eftirlit með barnaníðingum)**

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnefndar Alþingis frá 25. október 2019 um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (eftirlit með barnaníðingum) (þskj. 87, 87. mál á 150. löggjafarþingi).

Með frumvarpinu er lagt til að orðalag barnaverndarlaga verði skerpt í þeim tilgangi að tryggja að Barnaverndarstofa fái send afrit allra dóma, þegar sakfelld er fyrir kynferðisbrot sem beinist gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri, um leið og endanlegur dómur hefur fallið. Þá er lagt til að við barnaverndarlög verði bætt nýrri grein sem kveður á um eftirlit með einstaklingum sem hlotið hafa dóma fyrir slík brot. Meðal annars er gert ráð fyrir samstarfi Fangelsismálastofnunar og Barnaverndarstofu að því leyti meðan afplánun og reynslulausn varir. Loks er lagt til að ný grein bætist við almenn hegningarlög nr. 19/1940 þar sem kveðið yrði á um áhættumat á einstaklingum sem framið hafa brot gegn XXII. kafla laganna í tilteknum tilvikum og heimild til að kveða á um öryggisráðstafanir, sem nánar er lýst í frumvarpsgreininni, í dómi.

1.

Í 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur var með lögum nr. 62/1994, er mælt fyrir um réttinn til friðhelgi einkalífs og skilyrði þess að hann sé takmarkaður. Þau skilyrði eru ströng og þarf brýna nauðsyn að bera til skerðingar á honum vegna réttinda annarra.

Persónuvernd bendir á nauðsyn þess að gætt sé að ákvæðum laga nr. 75/2019, um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, og laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, við þá vinnslu persónuupplýsinga sem hér um ræðir, og að hugað verði að þeim kröfum sem gera verður til lagaheimilda fyrir slíkri vinnslu samkvæmt persónuverndarlögum og reglugerð (ESB) 2016/679 (almennu persónuverndarreglugerðinni).

Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 segir að þegar vinnsla persónuupplýsinga fari fram á grundvelli lagaheimildar skuli í þeim lögum mæla fyrir um tilgang vinnslunnar. Einnig segir að í lögnum skuli m.a. tilgreina almenn skilyrði varðandi lögmæta vinnslu ábyrgðaraðilans, tegund gagna sem vinnslan varðar, hlutaðeigandi skráða einstaklinga, hvaða stofnanir megi fá persónuupplýsingar í hendur og í hvaða tilgangi. Í því samhengi er bent á að sem endranær gildir það viðmið að eftir því sem vinnslan hefur í för með sér meiri íhlutun í einkalíf hinna skráðu, þeim mun ótvíræðari verða slík lagaákvæði að vera, sbr. t.d. athugasemdir við 2. tölul. 11. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 90/2018.



2.

Í 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um viðtæka upplýsingagjöf Fangelismálastofnunar til Barnaverndarstofu. Persónuvernd gerir athugasemd við orðalag málsgreinarinnar með hliðsjón af framangreindum kröfum reglugerðar (ESB) 2016/679 til lagaheimilda er fela í sér heimild til vinnslu persónuupplýsinga. Tegundir þeirra gagna sem miðlað yrði á grundvelli 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins eru ekki skýrt tilgreindar, einkum í tilviki gagna „sem til eru frá heilbrigðisstarfsmönnum um einstaklinginn“. Persónuvernd bendir á að hér er um að ræða viðurhlutamikla íhlutun í einkalíf þeirra einstaklinga sem undir ákvæðið munu falla. Heilsufarsupplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem varða líkamlegt eða andlegt heilbrigði einstaklings, þ.m.t. heilbrigðisþjónustu sem hann hefur fengið, og upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 90/2018, sbr. b-lið 1. mgr. 3. gr. laganna. Svo að vinnsla slíkra upplýsinga sé heimil þarf að uppfylla eitthvert þeirra sérstöku skilyrða fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem tilgreind eru í 11. gr. laga nr. 90/2018, auk þess sem heimild til vinnslu á grundvelli 9. gr. sömu laga þarf að vera fyrir hendi.


Með vísan til framangreinds telur Persónuvernd að skýra þurfi orðalag ákvæðisins nánar, einkum hvað varðar fyrirhugaða heimild til miðlunar gagna frá heilbrigðisstarfsmönnum, svo að ljóst sé hvaða gögn hér geti fallið undir.

Persónuvernd áréttar að lokum að öll vinnsla persónuupplýsinga þarf jafnframt að samrýmast meginreglum persónuverndarlaga, meðal annars um sanngirni og meðalhóf, sbr. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018. Þá mega stjórnvöld því aðeins miðla upplýsingum um refsiverða háttsemi að eitthvert skilyrði 2. mgr. 12. gr. laga nr. 90/2018 séu uppfyllt. Loks bendir Persónuvernd á mikilvægi þess að tryggja fullnægjandi öryggi við vinnsluna, þar á meðal í tengslum við miðlun upplýsinga á milli aðila, sbr. 23. gr. laga nr. 75/2019 og 27. gr. laga nr. 90/2018.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,

  
Helga Þórisdóttir

  
Helga Sigríður Þórhallsdóttir

Reykjavík 14. nóvember 2019

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga: um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (eftirlit með barnaniðingum), 87. mál.**

Sálfræðingafélag Íslands (SÍ) vill benda á mikilvægi þess að það mat sem framkvæmt er sé byggt á gagnreyndum matstækjum og notast sé við viðurkenndar aðferðir samkvæmt rannsóknum.

SÍ vill benda á að Sálfræðingar eru heilbrigðisstarfsmenn og vinna eftir siðareglum heilbrigðisstarfsmanna og eftir lögum og reglugerðum um heilbrigðisstarfsmenn, þ.m.t. persónulög. Mikilvægt er að hafa það í huga þegar veita á upplýsingar um einstaklinga. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að starfsmenn hjá Fangelsismálastofnum lendi í „siðferðisklemmu“ varðandi þessar upplýsingar, t.d. með því að skjólstæðingar þeirra séu upplýstir um tilgang áhættumats og notkun þess.

Svo virðist sem notast eigi við niðurstöður áhættumats um ákvörðun refsingar og um skilyrði, t.d. varðandi reynslulausn og afplánun dóms. Mikilvægt er að hafa í huga að áhættan er oftast breytileg og getur hækkað og/eða lækkað. Til dæmis gæti sú meðferð sem fram fer á meðan á afplánun stendur sýnt góðan árangur og því lækkar áhættan. Áhættan er ekki einhver óbreytilegur fasti eða tala. Mikilvægt er því að gera þarf ráð fyrir markvissri endurskoðun á mati um áhættu einstaklings.

F.h. Sálfræðingafélags Íslands  
Tryggvi Ingason  
Formaður